

"Við verðum að reyna að komast út aftur og losna hédan. Spýttu í lóf-ana. Ho, ho! Viltu halda áfram?"

"Nei, við sitjum fastir, já, reyndar. Nú veit ég nokkuð sem ég hef séð í draumum og sýnum, og nú spú ég. Við tókum bestana frá framendanum á vagninum og setjum þá við afturendann, og svo geta þeir dregið hann út sömu leið og þeir komu ína".

"Þú ert vítur og lærdur eins og Sirak og Salomon, flýttu þér þú ridur bara hringinn í kringum húsaróðina þangað til þú kemur að afturendarum á vagninum, en ég verð hérna og gái að hlassinu á meðan.

Vertu sæll vinur
valtur á fótum,
nú við skilja hljótum",

söng hann.

"Hvar í ósköpunum er Þórólfur? Hann er lengi í burtu. Fluglarnir byggja hreiður í stígnum áður en hann kemur með merina. Ég held ég hafi sofnad. Hann er þarna góllaninn. Það er Þórólfur einhverstaðar úti í víðri veröld".

"Ó, Jeremíasar harmagráturino þinn, þú ert! Það hefir vaxið mosi á milli vagnhjólanna og jarðarinnar síðan þú fórst, og ég held að það séu kóngulóar-vefir á milli spelanna. Hvar hefir þú verið?"

"É, ég keypti nú fyrst lím fyrir fjóra ára, og svo keypti ég, nei, ég fann mann. Já, við skrúppum inn og fengum okkur í staup nu og sungum dálftíð til þess söngs. Hinnes tífr stjálga og þaraf þinu neyvanum... í burtu í loftinu á meðan".

"Já, ekki er gaman að guðsþjöllunum. Hér aftan á vagninum er ekkert til að festa hestana við; það ættum við nú að hafa séð áður. Þetta er óguðlega stórt hlass, það er lengra en Möllers hú-postilla. Við verðum að gera Salvesen boð og hann verður að taka það upp í skuldina. Hann getur tekið það þar sem það er, það stendur hér á strætinu".

"Þú ert séður eins og prestur. Flýttu þér til Salvesen", sagði Niels Mikkel, en ef að verð stíganna hroðskur ekki til, þá vil ég fá hálfan annan kringlóttan dal til að kaupa ýmislegt fyrir. Ég verð að fá mér hverfistein og skeffu af salti".

"Já, það er gott að koma á hestbak, þá þarf maður ekki að ganga", sagði Þórólfur um leið og hann fór á bak.

Salvesen sótti stígana og þakrennurnar og tók það upp í skuldina, en Niels Mikkel fékk hvorki hálfannan kringlóttan né hálfannan flatan dal, nei, reyndar ekki. Hann mátti þakka fyrir að honum var ekki stefnt.

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.
Kostar einn dollar um árið, borgist fyrirfram.

Gefinn út af hinu Íslenska Únitaríska Kyrkjufélagi í Vesturheimi.

ÚTGÁFUNEFD:

G. Árnason, ritstjóri S. B. Brynjólfsson, ráðsmaður
Jón. Sigurðsson

Bréf og annað innihaldið blaðsins viðvikjandi sendist til Guðm. Árnassonar, 385 Sim-
coe St. Peninga sendingar sendist til S. B. Brynjólfssonar 623 Agnes St.

THE ANDERSON CO., PRINTERS